

Leiðbeiningar um byggingu geymslu-, leik- og garðskúra í Hvalfjarðarsveit

Sækja skal skriflega um til skipulags- og byggingarfulltrúa um byggingu geymslu-, leik-, og garðskúra, sem uppfylla eftirfarandi:

- Að jafnaði skal aðeins staðsetja einn geymsluskúr á lóð
- Mesta stærð 9,0m²
- Vegghæð mest 1,9 m
- Mænishæð mest 2,4 m
- Hurð skal opnast út
- Gluggi sem opnast út skal vera á hlið og sé með ljósmál minnst 50 x 50 cm, björgunarop.
- Fjarlægð geymsluskúrs frá húsi sé a.m.k. 1 m.
- Geymsluskúr verði ekki staðsettur nær lóðarmörkum en 5 m. Staðsetning geymsluskúrs nær lóðarmörkum er háður samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóðar.
- Geymsluskúr skal tryggilega festur, þannig að ekki stafi fokhætta af honum. Leita skal umsagnar byggingarfulltrúa um grundun hússins. Skúr skal ekki tengja við lagnakerfi.
- Allra öryggissjónarmiða skal gætt hvað varðar gerð húss, stærð og staðsetningu.
- Skipulags- og byggingarnefnd úrskurðar í ágreiningsmálum er upp kunna að koma.

Ef skúr eru stærri en að ofan greinir eða fleiri en einn skúr er fyrirhugaður, skal erindið lagt fyrir skipulags- og byggingarnefnd til afgreiðslu.

Samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd 03.12 2008 og sveitarstjórn 03. 12 2008.

Skúli Lýðsson skipulags- og byggingarfulltrúi